

S A M Þ Y K K T**um sorphreinsun í Ólafsvíkurbreppi.****1. gr.**

Ólafsvíkurbreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupsinsins. Fer hún fram undir yfirstjórn oddvita og með umsýsón heilbrigðisnefndar kaupsinsins.

2. gr.

Sérhver húseigandi eða leigjandi í Ólafsvíkurbreppi er skyldugur að nota þær aðferðir og tæki við sorpgeymslu og hreinsun, sem sveitarstjórn ákveður.

3. gr.

Sérhver húseigandi, sem notast við sorphreinsun sveitarfélagsins skal borga þau gjöld vegna sorphreinsunar, sem sveitarstjórn ákveður.

4. gr.

Sorpið, sem sett er í sorpílátin, má vera allt venjulegt heimilissorp. Meðal sorps, sem ekki má setja í sorppoka, er mold, mól, grjót, mykja, byggingarsorp, (timbur, múrblokkir) og stærri trjágreinar.

5. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim, þegar skipt er um poka. Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorppoka.

6. gr.

Pakka skal inn beittum og oddhvössum hlutum s. s. glerbrotum, áður en þeir eru settir í sorppokana.

7. gr.

Bannað er að setja eldfima vökva s. s. olíu og benzín í sorpílát, hvort sem er laust eða í umbúðum.

8. gr.

Sorphreinsun fer ekki fram á helgidögum eða eftir kl. 23 á virkum dögum. Sorphreinsun skal framkvæma minnst 40 sinnum á ári.

9. gr.

Kvörtunum vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til sveitarstjórnar.

10. gr.

Minnst einn sorppoki skal vera fyrir hverja fjölskyldu.

11. gr.

Hverjum íbúareiganda ber að sjá til þess, að alltaf sé til nóg af pokum, svo að þeir yfirfyllist ekki milli tæminga.

12. gr.

Sorppokar eru afhentir einu sinni í viku af sveitarstjórn, en aðrar gerðir poka má ekki nota.

13. gr.

Sorppokarnir skulu vera í grind í kassa, sem sveitarfélagið hefur samþykkt, sorpkassar skulu vera á stöðum, sem eru aðgengilegir fyrir sorphreinsunarmenn á lóð húss þess, sem þær tilheyra. Hafa skal greiðfæran stíg ca. 90 cm breiðan að sorpkassa. Sveitarstjórn er heimilt að taka sérstakt gjald, ef sorpstaða er mjög óaðgengileg. Sorpkassaeigendur verða að sjá um að hafa grindurnar í góðu ásigkomulagi og endurnýja þær ef þörf þykir.

14. gr.

Ef sorpið er svo mikið eða í þannig formi, að ekki hæfi viðurkenndum sorpilátum, skal húseigandi annast sorphreinsun eða senda inn beiðni þess efnis, að sveitarfélagið annist hreinsunina gegn sérstöku gjaldi.

15. gr.

Mold, mól, grjót og svipað efni, sem ekki má setja í sorppokana, skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar, sem gildir um ónýtt veiðarfæri, netaafskurð o. fl.

16. gr.

Bílhrae og brotajárn skal flytja á afmarkað svæði, sem sveitarstjórn ákveður.

17. gr.

Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppokana.

18. gr.

Fyrirferðamiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnurekstra koma á sorphreinsunarbíl, þegar hreinsun fer fram, eða í sorphaugastað skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

19. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er þó heimilt að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs, átlað kostnaðarverð þeirra sorppoka, sem viðkomandi fasteign eyðir á árinu.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með brot á reglugerðinni skal farið að hætti opinberra mála.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðis- eftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. júní 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.